

## 1. Starfið í deildum og milli deilda - hvað getum við gert til að efla það?

### *Innri skoðun*

Deildir leiti leiða, sem henti starfsemi hveirrar og einnar.  
Fara í stefnumótunarvinnu, naflaskoðun og markmið sett.  
Ein deild skipti konum í hópa og hver hópur skipuleggur fundi.  
Skoða saman og hver fyrir sig af hverju hver og ein er í þessum samtökum.

### *Virgni kvenna*

Auka þátttöku og ábyrgð allra almennra félaga á starfi deildarinnar.  
Allir taki þátt í starfinu, t.d skipta félögum í hópa sem sjá um fundi. Góð reynsla af því í tveim deildum. Ræða við þær sem ekki mæta á fundi og athuga ástæðu og hvort þær vilja starfa áfram. Óheppilegt þegar konur sækjast eftir að ganga í félagsskapinn en mæta ekki á fundi, athuga forgangsröðun. Getur verið neikvætt ef margar konur eru óvirkar í deild.  
Virka þær sem ekki mæta á fundi með að fela þeim verkefni t.d. hafa innlegg á fundum, kjósa þær í kaffinefnd.  
Virka nýjar félagskonur með hlutverkum eða verkefnum.

### *Samsetning deilda*

Mikil áhersla á fjölbreytni í hópnum.  
Þörf á að stækka sumar deildir og vera alltaf vakandi fyrir endurnýjun í deildum.

### *Innra starf*

Ræktun á innviðum samtakanna.  
Gott og öflugt starf byggist á góðu upplýsingastreymi.  
Nauðsynlegt að sýna forystu í faglegri umræðu.  
Félagar segi frá sínum vinnustað eða starfsvettvangi og efla innbyrðis tengsl sín innan deilda.  
Konur sem hafa lokið prófi eða gefið út bók greina frá.  
Þemu geta verið hjálpleg til að ákveða umræðuefni, án þess að binda alla fundi vetrarins við það. Mikilvægt að starfið sé sem fjölbreyttast, t.d hafa hópavinnu öðru hvoru.  
Að velja verkefni utan deilda til að vinna að.  
Halda í hefðir og skapa hefðir.

### *Að hafa gaman saman.*

Margar deildir fara í menningar/skemmtiferðir, t.d. vor og/eða haust.  
Listasöfn skoðuð – systur hittast í sumarbústað.  
Ef erfitt er um samgöngur er hægt að vera 2 daga saman en halda þá færri fundi.

### *Samvinna milli deilda*

Auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan.  
Fá konur úr öðrum deildum til að halda fyrirlestra.  
Deildir hittist og haldi fundi saman.  
Hver deild hitti aðra deild allavega einu sinni á ári og jafnvel tvær ár hvert.  
Skoða vefinn hjá öðrum deildum og fá hugmyndir, einnig að leita til annarra deilda með hugmyndir.

Fundarkonum fannst ástæða til að ræða "endurskoðun lífsgilda á krepputímum" og verkefni tengd því.

## 2. Eigum við að styrkja málefni í nærsamfélaginu?

### *Upplýsingar*

Vekja athygli á góðum verkefnum sem eru í gangi í þjóðfélaginu á hverjum tíma.  
Taka þátt í umræðu um málefni tengd menntun.  
Veita umsagnir um frumvörp eins og gert var á árum áður.  
Fá kynningu á umhverfinu og efla þannig þekkingu og jákvæð viðhorf til þess meðal kvenna í deildinni. Á fámennari stöðum/svæðum er ástæða til að kynna samtökin og vera í góðu sambandi við nærsamfélagið.

### *Hugmyndir:*

Aðstoða við heimanám (sbr. verkefni Eta deilda), heimsóknir eldri félaga í leikskóla, heimsóknir til eldri borgara með höfundakynningar, upplestur á bókasöfnum;  
veita viðurkenningar/hvatningarverðlaun, vekja athygli á góðu starfi í menntamálum og tengja jafnvel þema síðasta árs "nýja kennaranum".

Aðstoða nýbúa með heimanám, hugsanlega hlutverk sem konur sem hættar eru á vinnumarkaði vildu taka að sér. Beta deild á Akureyri hefur látið þyngju ganga á fundum og konur hafa lagt fram frjáls framlög, peningana gáfu þær til UNICEF.

Fram kom hugmynd um að styrkja unglinga sem hafa minna milli handanna t.d. til bókakaupa – er vandasamt en mætti gera í samráði við viðkomandi félagsmálaráð.

Áhersla lögð á að samtökin eru ekki góðgerðasamtök, en hægt að leggja lið t.d. með vinnuframlagi.

### 3. Eigum við að gera okkur sýnilegri?

#### *Vinnuhópar / nefndir*

Setja á laggirnar nefnd hjá landssamtökunum með áhugasömum konum úr ýmsum deildum til að fjalla um lög, þetta var gert áður fyrr, með þessu myndi samtökin verða sýnilegri.

Fundir þvert á deildir um ákveðin málefni.

#### *Verkefni*

Veggspjöld voru gerð á árum áður og ekkert fráleitt að gera slíkt ef samtökin vilja vekja sérstaka athygli á einhverju sem er á döfinni.

Geta þess ef deildir innan samtakanna taka þátt í verkefnum.

#### *Málþing/ráðstefnur*

Umræður urðu einnig um að sum málþing/ráðstefnur sem DKG ættu að vera opnari almenningi en hefur tíðkast undanfarið.

#### *Skólasamfélagið*

Vera sýnilegri í skólasamfélaginu.

Það að styrkja málefni í nærsamfélaginu gerir okkur sýnilegri.

### 4. Eigum við að efla tengsl við alþjóðasamfélagið?

Hljótum að þurfa að vera með í alþjóðastarfinu ef við ætlum að ætlum að vera með í þessum alþjóðlegu samtökum.

Nýta alþjóðasamtökin þannig að þau komi til okkar. Til dæmis með leiðtoganámskeiði, sem yrði í boði í öllum landshlutum, lokað á höfuðborgarsvæðinu en opnara öðrum á fámennari stöðunum.

Konur hvattar að fara á ráðstefnur og fundi erlendis – það eflir tengslin.

Landssambandið segi frá og kynni alþjóðlegar ráðstefnur.

Uppfræða konur um það í hvað peningar sem greiddir eru til alþjóðasamtakanna fara.

### 5. Hvernig nýtum við vefinn betur?

Hver deild þarf að koma sér upp vefstjóra eða tengilið.

Hvetja deildir til að vera duglegar að setja inn efni.

Landsstjórnin setji inn upplýsingar sem deildir geta nýtt sér í starfinu. T.d. um hvernig boðin er aðild að deild, hvernig staðið skuli að inntöku, krækjur í eyðublöð sem gjaldkeri og formaður þurfa að fylla út árlega, nöfn allra kvenna í samtökunum og starfsvettvangur, fréttabréfin.

Vefurinn þarf að hafa hagnýtar upplýsingar fyrir félagskonur og stjórnir. Þar má nefna krækjur á aðra vefi, lýsingar á ýmsum ferlum svo sem inntökuférlí.

Vera duglegar að setja allt inn á vefinn, félagatal, fundargerðir, fréttabréf og fl. Það hvetur konur til að skoða vefinn.

Formenn minni á vefinn, alltaf þegar tölvupóstur er sendur til félagskvenna, láta þá slóðina fylgja með.

Á vefsíðuna má setja einn hlekk sem heitir tilkynningar til formanna.

Athuga að vefurinn er ítarefni og ekki má gleyma að minnast á hlutina á fundum.

Á vefnum mættu vera ábendingar um fræðandi efni og námskeið sem henta félagskonum.